

orlofsfé á tímabilinu, þá þykir þrátt fyrir andmæli stefnanda rétt að leggja þá til grundvallar um greiðslur til stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 11.300.41 (21.877.41 ÷ 10.577.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðriki Ragnari Gíslasyni yfirmatreiðslumanni og Sveini Símonarsyni matreiðslumeistara.

Dómsorð:

Stefndi, Veitingahúsið Naust h/f, greiði stefnanda, Herði Hjörleifssyni, kr. 11.300.41 með 10% ársvöxtum frá 3. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1968.

Nr. 92/1967. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Snorra Ólafssyni og gagnsök
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slökkvibifreið. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1967, að fegnu áfrýjunarleyfi 17. maí s. á.

Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 28. júní 1967, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7.835.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ökumaður slökkvibifreiðar aðaláfrýjanda, SA 1, hagaði akstri sínum andstætt umferðarreglum án þess að gæta nægilegrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af þessu leiddi árekstur slökkvibifreiðarinnar og bifreiðar gagnáfrýjanda, A 61, sem mál þetta er af risið. Hins vegar þykja eigi í ljós leidd mistök af hendi gagnáfrýjanda, er áreksturinn verði rakinn til. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að bæta að fullu tjón gagnáfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, sundurliðar gagnáfrýjandi bótakröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar A 61 kr. 6.335.20
2. Tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar 5 daga — 1.500.00

Samtals kr. 7.835.20

Þar sem fjárhæð 1. kröfuliðar sætir ekki andmælum og 2. kröfulið er í hóf stillt, verður bótakrafan að öllu leyti til greina tekin og aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda nefnda fjárhæð, kr. 7.835.20, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjar-sjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Snorra Ólafssyni, kr. 7.835.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 5. október s.l., þingfest 17. s. m., af Snorra Ólafssyni yfirlækni, Kristneshæli, gegn bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.835.20 með 7% ársvöxtum frá 21/1 1966 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómsins. Einnig hefur forstjóra Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f f. h. félagsins verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur verið gerðar á hendur því.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður falli niður.

Stefnandi kveður kröfu sína vera vegna skemmda á bifreið sinni, A 61, sem er jeppabifreið af Land Rover gerð, árgangur 1962, er hlotizt hafi af árekstri við slökkvibifreiðina SA 1, eign stefnda, en tryggð hjá Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Viðgerðarkostnaður	kr. 6.335.20
Afnotamissir bifreiðar í 5 daga	— 1.500.00

Kr. 7.835.20

Málsatvik kveður stefnandi vera þessi: Föstudaginn 21. janúar 1966 klukkan 1317 ók hann nefndri bifreið sinni norður Hafnarstrætið hér í bæ. Við mót nefndrar götu og Kaupvangsstrætis varð árekstur milli bifreiðar hans og slökkvibifreiðarinnar SA 1, sem kom frá hægri, það er ók vestur Kaupvangsstræti á syðstu akrein, en við þennan árekstur urðu þær skemmdir á A 61, er mál þetta er risið af.

Strax sama daginn og óhapp þetta gerðist, framkvæmdi lög-reglan rannsókn út af því, athugaði vettvang og gerði uppdrátt af honum og tók skýrslu af ökumönnunum. Í skýrslu Snorra Ólafssonar, stefnanda í málinu, segir: Rétt eftir kl. 1315 greindan dag ók hann bifreið sinni norður Hafnarstrætið á um 35 km hraða miðað við klukkustund. Þegar hann nálgadist gatnamótin við Kaupvangsstræti, voru gatnamótin auð og hindrunarlaus. Þegar hann átti eftir 2—3 m að gatnamótunum, vissi hann ekki

fyrir til en að hann sá eina af bifreiðum slökkviliðs Akureyrar fyrir framan bifreið sína, þó lítið eitt til hægri, er hann skynjaði hana fyrst. Hann hemlaði strax, en þar sem ísing hafi verið á götunni, hafi bifreið hans ekki stöðvazt, fyrr en hún hafði rekizt á slökkvibifreiðina. Höggið var ekki mikið, og engin meiðsli hlutust af. Hann telur, að höggið hafi komið á slökkvibifreiðina rétt aftan við miðju, og var það stuðari og vinstra framhorn, sem rákust á slökkvibifreiðina. Þar sem hann var þarna á aðalbraut og heyrði engin hljóðmerki, taldi hann sig ekki vera í neinni hættu og ók því inn á gatnamótin. Við áreksturinn kveður stefnandi þessar skemmdir hafa orðið á bifreið sinni: Stuðari skemmdir og vinstra frambretti og ljós brotin í brettinu.

Ökumaður SA 1, Gunnlaugur Sveinsson slökkviliðsmaður, skýrði svo frá: Um kl. 1315 greindan dag var tilkynnt, að eldur væri laus í gripahúsi í Lækjargili, og væru skepnur þar inni, og fór hann strax í slökkvibifreiðinni SA 1 á vettvang. Fór hann sem leið liggur að Kaupvangsstræti og ætlaði áfram þá götu. Þegar hann ók vestur Kaupvangsstræti, var hann með rauð ljós og sírenu í gangi, svo sem verið hafði alla leiðina. Þegar hann kom að Hafnarstræti, telur hann sig hafa verið á um 30 km hraða á klukkustund. Þegar hann ók inn á gatnamótin, sá hann Land Rover bifreið koma sunnan Hafnarstrætið á fremur hægri ferð, og taldi hann, að væri einir 10 m í hana. Kvaðst hann hafa talið, að ökumaður þessarar bifreiðar hefði heyrt hljóðmerkin og mundi stöðva, þar sem ferð hans var lítil. En þegar hann var að mestu kominn yfir gatnamótin, fann hann, að högg kom aftan til á bifreiðina, og sá, er hann leit í baksýnispegil, að þetta var bifreiðin A 61 og hafði rekizt í afturbretti bifreiðar hans. Þar sem hann taldi, að mikið lægi á að komast á brunastað, hélt hann ferðinni áfram án þess að stöðva. Hann sagði, að SA 1 hefði skemmt þannig, að beygla hafi komið á afturbretti.

Á uppdrætti, sem fyrir liggur frá lögreglunni, er A 61 staðsett þannig, að hún er um það bil að hálfu komin inn á gatnamótin og er á vinstra götuhelmingi, en SA 1 er ekki staðsett þar, en leið hennar er sýnd á syðstu akrein á Kaupvangsstræti. Það er upplýst í málinu, að dagsbirta var og bjart veður. Einnig er upplýst, að götur voru ísaðar og að SA 1 var með snjókeðjur á báðum afturhjólum og öðru framhjóli, en á A 61 voru snjódekk á öllum hjólum.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð þriggja vitna.

Vitnið Aðalsteinn Sigurgeirsson, sem var við afgreiðslu í verzl-

un skammt frá slyssað, sá út um glugga, að árekstur hafði orðið milli tveggja bifreiða, A 61 og SA 1. Var sú fyrrnefnda kyrrstæð, en hinni var ekið áfram upp Kaupvangsstræti, og virtist því hraði hennar vera um það bil 40—50 km á klukkustund.

Vitnið Karl Sigfússon, sem var inni í verzlun í næsta húsi norðan gatnamótanna, heyrði í sírenu og sá þá slökkvibifreið koma austan Kaupvangsstræti á allmikilli ferð og geystist yfir þvert Hafnarstræti á um 60 km hraða á klukkustund, án þess að neitt væri dregið úr hraða. Á sama tíma var bifreiðinni A 61 ekið sunnan Hafnarstræti, afar hægt. Að greindum gatnamótum komu bifreiðarnar á samri stundu og rákust saman. Er áreksturinn varð, virtist vitninu A 61 í þann veginn að stöðvast. Loks sagði vitnið, að sér hefði virzt SA 1 vera ekið of sunnarlega á Kaupvangsstræti fyrir áreksturinn miðað við, að á þeim stað er þríakreínakerfi.

Ólafur Stefánsson umboðsmaður, sem var staddur inni í skrifstofu sinni í Hafnarstræti 100, sem er töluvert norðan við greind gatnamót, heyrði í sírenu og leit suður að greindum gatnamótum til að fylgjast með, hvað væri um að vera. Sá hann svo slökkvibifreið aka yfir Hafnarstræti með á að gizka 40 km hraða á klukkustund og í veg fyrir Land Rover-bifreið, er kom sunnan Hafnarstræti, og virtist honum árekstur verða, en slökkvibifreiðin hélt áfram án þess að hægja ferðina hið minnsta. Honum virtist A 61, Land Rover-bifreiðinni, ekið hægt.

Stefnandi hefur bent á, að slökkvibifreiðinni hafi verið ekið framhjá biðskyldumerki við Hafnarstræti og þvert í veg fyrir hans bifreið og auk þess á syðstu akrein á Kaupvangsstræti í stað miðakreinar, þar sem átti að aka henni áfram vestur götuna. Þá hafi slökkvibifreiðinni verið ekið of hratt, sérstaklega miðað við aðstæður, og ljóst sé, að ökumaður slökkvibifreiðarinnar hafi ekki gætt sérstakrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga, þegar slíkir aðiljar víkja frá settum umferðarreglum. Þá hefur stefnandi staðhæft, að hann hafi ekki heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, enda sé hans bifreið dieselbifreið, sem láti mjög hátt í við akstur. Stefnandi telur, að ökumaður slökkvibifreiðarinnar eigi alla sök á árekstrinum. Einnig hefur hann haldið því fram, að þótt slíkir ökumenn bifreiða, er getur í 38. gr. umferðarlaga, beri ekki refsíábyrgð á formbrotum, þá beri þeir eða eigandi bifreiðarinnar fulla ábyrgð á tjónum, sem verða af slíkum brotum, enda hafi hann sjálfur gætt allrar varúðar í umferðinni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi einkum á því, að ökumaður SA 1, sem sé slökkvibifreið og á leið á brunastað vegna útkalls, hafi eigi verið skylt að sinna biðskyldumerkjum á nefndum gatnamótum, þar sem brýn nauðsyn hafi verið til að komast sem fyrst á brunastað til bjargar dýrum, er ella kynnu að brenna inni, enda hafi slökkvibifreiðin notað tilskilin ljós og hljóðmerki á akstursleið sinni, og að ökumaðurinn hafi gætt þeirrar varúðar, er af honum mátti heimta miðað við aðstæður. Einnig hafi honum verið óskylt að sinna akreinaskiptingu af sömu ástæðu svo og hraðaákvæðum, sbr. 4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Varakröfu sína gerir stefndi með tilvísun til 68. gr. umferðarlaga og byggir hana á því, að stefnandi hafi ekki sýnt nægilega varúð miðað við aðstæður og eigi hann því sjálfur nokkra sök á árekstrinum auk þess sem honum hafi borið að víkja fyrir slökkvibifreið, sem er með löglegum merkjaútbúnaði. Samkvæmt framburði ökumanns slökkvibifreiðarinnar hafi hann verið á um 30 km hraða og A 61 hafi átt um 10 m eftir að gatnamótunum, þegar hann sá til hennar, svo að hann hafi átt að geta stöðvað.

Það má telja upplýst, að ökumaður SA 1 ók upp Kaupvangsstrætið nokkuð greitt, líklega á um eða yfir 40 km hraða á klukkustund. Jafnframt má telja upplýst, að sömu bifreið hafi verið ekið á syðstu akrein af þremur í stað miðakreinar, án þess að upplýst sé, að nein nauðsyn hafi verið á því, en það veldur því aftur að verr sést til hennar frá bifreið, sem ekið er sunnan Hafnarstræti. Ósannað er, að A 61 hafi verið eins langt undan og ökumaður SA 1 hefur borið, enda hefur stefnandi talið þetta aðeins 3—4 m. Ökumaður SA 1 var ekki háður formreglum umferðarlaga, en með tilliti til þess, er að framan segir, verður talið, að hann hafi ekki gætt sérstakrar varúðar, sbr. 2. mgr. 38. gr. nefndra laga, enda var hér um að ræða eitt mesta umferðargötuhorn í bænum og verið var að aka inn á aðalbraut. Verður því að leggja ábyrgð á eiganda SA 1 á tjóni þessu.

Ökumaður A 61 segist hafa ekið á um 35 km hraða á klukkustund, og upplýst er, að gatan var ísuð. Ekki er upplýst, að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, og má vel svo vera. Eigi að síður verður að telja, að ökumaður A 61 hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu með tilliti til aðstæðna, og þykir rétt að skipta sökinni þannig, að eigandi SA 1 beri hana að $\frac{3}{4}$ hlutum, en eigandi A 61 að $\frac{1}{4}$ hluta.

Upphæð kröfunnar hefur ekki verið mótmælt tölulega nema síðari liðnum um afnotamissi, en þar sem hér er um að ræða

lækni, sem býr í Kristneshæli, sem rækir starf hér í bænum að staðaldri, þykir verða að taka þennan lið einnig til greina, enda þykir honum í hóf stillt. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta af stefnukröfunni, eða kr. 5.876.40, ásamt 7% ársvöxtum frá 5. október s.l. til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, greiði stefnanda, Snorra Ólafssyni, kr. 5.876.40 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1968.

Nr. 200/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Axel Ingólfssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Axel Ingólfsson, greiði allan áfrýjunarkostn-